



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 5. júlí 2017

Ákvörðun nr. 26/2017

## **Samruni Ekrunnar ehf. og Íslenskra matvara ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 7. júní 2017 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með bréfi um samruna Ekrunnar ehf. (hér eftir Ekran) og Íslenskra matvara ehf. (hér eftir ÍM) og fylgdi samrunaskrá bréfinu. Með tölvupósti dags. 15. júní 2017, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir auknum rökstuðningi og upplýsingum til viðbótar við það sem fram kom í upphaflegri samrunatilkynningu og bárust umbeðnar upplýsingar þann 22. júní 2017. Samrunaskrá í máli þessu var þar með fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 648/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um er að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Með bréfi dags. 23. júní 2017, var samrunaaðilum tilkynnt að nefnd samrunatilkynning ásamt viðbótarupplýsingum teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur Samkeppniseftirlitsins. Frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga byrjuðu að líða þann sama dag.

Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti, s.s. frá keppinautum samrunaaðila.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Í því tilviki sem hér er um að ræða tekur Ekran yfir allan rekstur ÍM.

Ekran rekur innflutnings- og verslunarfyrirtæki sem starfar á stóreldhúsamarkaði og helsta markmið félagsins er að bjóða viðskiptavinum sínum heildarlausn, m.ö.o. býður það viðskiptavinum sínum alla þá matvöru sem þeir þurfa í eldhús sín til matseldar og þjónustu við sína viðskiptavini. Ekran flytur almennt ekki inn búvörur, heldur kaupir af innlendum aðila og selur áfram til viðskiptavina sinna í þeim tilvikum þar sem viðskiptavinir nýta sér heildarlausn Ekrunnar í matvöru. Helstu viðskiptavinir Ekrunnar eru skyndibitastaðir, veitingahús, hótél, stofnanir (heilbrigðisþjónusta, skólar og leikskólar) og skip.



Ekran er að fullu í eigu 1912 ehf. (hér eftir 1912) sem auk Ekrunnar er ennfremur móðurfélag Nathan & Olsens ehf. (hér eftir Nathan & Olsen). 1912 annast lagerhald, skrifstofuhald og fjármálastjórn fyrir dótturfélög sín. 1912 er síðan í eigu 1912 eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir 1912 eignarhaldsfélag) sem er í eigu Jaka eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir Jaki eignarhaldsfélag), Bjarg Invest ehf. (hér eftir Bjarg Invest) og Námu ehf. (hér eftir Náma ehf.) Jaki eignarhaldsfélag, Bjarg Invest og Náma eru öll í eigu einstaklinga. 1912 eignarhaldsfélag og 1912 selja hvorki vöru né þjónustu, ef frá er talin sú þjónusta sem 1912 sinnir í þágu dótturfélaga sinna.

Eins og áður segir er Nathan og Olsen í 99,9% eigu sama móðurfélags og Ekran. K 190 hf. (hér eftir K190) er eigandi hinna 0,1%. K190 er í eigu Sökkla Eignarhaldsfélags sem er í eigu tveggja einstaklinga að jöfnu. Nathan og Olsen er innflutnings- og verslunarfyrtæki sem einbeitt sér að sölu á dagvöru til smásöluverslana og telja samrunaaðilar að markaðshlutdeild Nathan og Olsens sé á bilinu 3-4%. Fyrtækið selur hvorki búvörur né ferskvörur af neinu tagi.

ÍM er félag í eigu eins einstaklings. ÍM sérhæfir sig í innflutningi á erlendum búvörum. Félagið starfar að langmestu leyti í innflutningi og heildsölu á kjöti og ostum og eru helstu viðskiptavinir þess kjötvinnslur, veitingarhús/stóreldhús og dagvöruverslanir. Ólíkt Ekrunni býður ÍM viðskiptavinum sínum á stóreldhúsamarkaði ekki heildarlausn í innkaupum, heldur afar sérhæft vöruúrval.

### **III.**

#### **Niðurstaða**

Að mati samrunaaðila starfa þeir á ótengdum mörkuðum, þ.e. ólíkum undirmörkuðum markaðar fyrir heildsölu á matvöru. Þá sé það mat þeirra að ekki sé þörf á að skilgreina nákvæma vöru- og landfræðilega markaði vegna samrunans þar sem hvorki lárétt né lóðrétt skörun séu á milli starfsemi samrunaaðila. Ekran starfi þannig einkum á markaði fyrir innflutning og heildsölu á matvöru til veitingahúsa/stóreldhúsa, á meðan ÍM starfi á markaði fyrir innflutning og heildsölu á afmörkuðum tegundum búvöru til kjötvinnsla, veitingahúsa/stóreldhúsa og dagvöruverslana, sem ekki sé boðið upp á hjá Ekrunni og tengdum félögum. Stórir og öflugir aðilar starfi á umræddum mörkuðum en helstu keppinautar Ekrunnar séu Garri, Innes, Ölgerðin, CCEP Ísland, Íslensk Ameríska, O. Johnson & Kaaber og Sælkeradreifing. Þá starfi margir af keppinautum Ekrunnar bæði á veitingahúsa/stóreldhúsamarkaði og stofnanamarkaði sem og á markaði fyrir heildsölu matvæla á dagvörumarkaði en sem dæmi megi nefna Ölgerðina, Innes, Íslensk Ameríska og CCEP Ísland. Helstu keppinautar ÍM séu kjötvinnslur sem sjálfar flytji inn kjöt og selji áfram inn á stóreldhúsamarkað, t.d. Kjarnafæði, Sláturfélag Suðurlands, Norðlenska, KS, Esja og Kjötsmiðjan en ennfremur stórir aðilar á borð við Garra, Innes, Sælkeradreifingu, Aðföng o.fl. Að mati samrunaaðila sé hlutdeild ÍM um 2% af búvörumarkaðnum á Íslandi. Þá er það mat samrunaaðila að landfræðilegi markaðurinn sé Ísland.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar



fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji að ekkert af áðurgreindu eigi við í máli þessu. Samrunaaðilar hafi ekki þann efnahagslega styrk, hvorki fyrir né eftir samrunann til að hindra virka samkeppni á þeim mörkuðum sem þeir starfa á. Þá starfi fjöldi aðila á hinum skilgreindu mörkuðum og ætla megi að aðrir aðilar hafi þar hærri markaðshlutdeild en samrunaaðilar. Á umræddum mörkuðum sé ágætt jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar og aukist eftirspurn sé henni sinnt með auknu framboði eftir því sem þörf krefji. Aðgengi að þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á sé auk þess almennt gott. Hver sem er geti flutt matvöru inn til landsins, að því gefnu að varan uppfylli gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji sig starfa á ótengdum mörkuðum og því sé um svokallaðan samsteypusamruna að ræða (e. *conglomerate merger*). Þar af leiðandi sé ekki þörf á að skilgreina nákvæma vöru- og landfræðilega markaði vegna samrunans þar sem engin skörun sé á starfsemi samrunaaðila, hvorki lóðrétt né lárétt, enda starfi þeir á ólíkum undirmörkuðum fyrir heildsölu á matvöru. Líkt og áður er rakið sé vöruframboð ÍM sérhæft og nær eingöngu afmarkað við innfluttar búvörur (kjöt og osta). Slíkar vörur hafi hins vegar fram til þessa ekki verið á boðstólnum hjá Ekrunni eða tengdum félögum, nema í einstaka tilvikum þegar Ekran hafi haft milligöngu um sölu á kjötvörum til viðskiptavina sinna á stórelhdúsamarkaði í tengslum við þá þjónustu Ekrunnar að bjóða upp á alhliða vöruúrval til stórelhdúsa. Samruninn komi ekki til með að hafa áhrif á þá undirmarkaði sem Ekran og tengd félög starfi á auk þess sem enginn samrunaaðila auki við markaðshlutdeild sína eða styrki hana, engin breyting verði á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og engin samþjöppun eigi sér stað.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015, *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði*, er fjallað um skilgreiningar á mörkuðum fyrir matvörur. Í þessu máli telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á því að skilgreina markaði málsins. Ástæðan er sú að samruninn er þessi eðlis að hann getur ekki raskað samkeppni á þeim mörkuðum sem til álita koma.

Í máli þessu er ekki um að ræða beina skörun á starfsemi samrunaaðila. Þeir markaðir sem samrunaaðilar starfa á eru þó að einhverju leyti skyldir. Þrátt fyrir að samrunaaðilar geti talist starfa á mörgum skyldum mörkuðum er ljóst að staða þeirra á hverjum þeirra er ekki það sterk að hætta sé á því að samruninn geti talist samkeppnishamlandi. Þá er ljóst að önnur nefnd fyrirtæki sem starfa við innflutning, framleiðslu og dreifingu á matvörum eru öflug og mun stærri en samrunaaðilar.

Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á neinum markaði málsins. Þá mun samruninn að mati Samkeppniseftirlitsins ekki leiða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim



sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

#### **IV.**

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Ekrunnar ehf. á rekstri Íslenskra matvara ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson